

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð fyrir Seðlabanka Íslands, nr. 470 14. nóvember 1986.

#### 1. gr.

34. gr. orðast svo:

Bankaeftirlitið skal hafa samstarf við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins vegna eftirlits með starfsemi innlendra innlánsstofnana erlendis og erlendra innlánsstofnana hér á landi. Í þessum tilgangi er bankaeftirlitinu skylt að veita lögbærum yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins upplýsingar um stjórnun og eigendur þessara innlánsstofnana, sem að gagni koma við eftirlit og athugun á skilyrðum fyrir leyfisveitingu, auk allra upplýsinga sem auðveldað gætu eftirlit með lausafjárstöðu og gjaldhæfi.

Bankaeftirlitið skal hafa samvinnu við lögbær yfirvöld í aðildarríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins um eftirlit þess með lausafjárstöðu útibúa innlánsstofnana með staðfestu í hlutaðeigandi aðildarríki.

Bankaeftirlitið skal hafa samvinnu við lögbær yfirvöld í aðildarríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins um eftirlit með áhættu innlánsstofnana frá hlutaðeigandi aðildarríki, sem stafar af viðskiptum þeirra á íslenskum fjármálamarkaði.

#### 2. gr.

35. gr. orðast svo:

Bankaeftirlitið skal hafa samráð við lögbær yfirvöld í hlutaðeigandi aðildarríki innan Evrópska efnahagssvæðisins áður en tekin er afstaða um veitingu starfsleyfis til handa innlánsstofnun sem er dótturfyrirtæki innlánsstofnunar með staðfestu í öðru aðildarríki, dótturfyrirtæki móðurfyrirtækis innlánsstofnunar sem hefur staðfestu í öðru aðildarríki eða stjórnað er af einstaklingum eða lögaðilum sem jafnframt stjórna innlánsstofnun sem staðfestu hefur í öðru aðildarríki.

Nú hyggjast þeir aðilar sem tilgreindir eru í 1. mgr. öðlast eignarhlutdeild í fyrirtæki, sem við það yrði dótturfyrirtæki eða undir stjórn hinna tilgreindu aðila, og skal þá mat bankaeftirlits þar að lútandi vera háð undanfarandi samráði, skv. 1. mgr.

#### 3. gr.

36. gr. orðast svo:

Bankaeftirlitið skal tilkynna lögbærum yfirvöldum í aðildarríki innan hins Evrópska efnahagssvæðis, ef innlánsstofnun frá hlutaðeigandi aðildarríki, sem veitir þjónustu hér á landi með eða án stofnunar útibús, fer ekki í starfsemi sinni að hérlendum lögum og reglum, þrátt fyrir tilmæli bankaeftirlits þar að lútandi. Jafnframt skal bankaeftirlitið tilkynna lögbærum yfirvöldum í hlutaðeigandi aðildarríki um ráðstafanir sem það grípur til.

Nú hefur bankaeftirlitið fengið tilkynningu frá lögbæru yfirvaldi innan Evrópska efnahagssvæðisins um ólögmda starfsemi hérlendrar innlánsstofnunar í hlutaðeigandi aðildarríki, og skal þá bankaeftirlitið grípa til viðeigandi ráðstafana og tilkynna lögbærum yfirvöldum aðildarríkisins um þær.

Nú afturkallar viðskiptaráðherra starfsleyfi hérlendrar innlánsstofnunar, sem jafnframt veitir þjónustu í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, og skal þá bankaeftirlitið tilkynna lögbærum yfirvöldum í hlutaðeigandi aðildarríki um það.

## 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 5. maí 1986, um Seðlabanka Íslands, öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytið, 14. febrúar 1995.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Porkell Helgason.*

## GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Ölfushreppi 1995.

## 1. gr.

Hreppsnefnd Ölfushrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) og skal gjaldið innheimtast með fasteignagjöldum.

## 2. gr.

Gjaldið er árlegt sem hér segir:

- A. Íbúðarhús hver pokaening (einn poki vikulega eða tveir pokar hálfsmánaðarlega) kr. 5.500 fyrir hverja sérmetna fasteign er heimilt að leggja á vegna viðbótar pokaeningu kr. 3.500.
- B. Atvinnuhúsnaði pokaening kr. 7.500 fyrir hvern poka.
- C. Öll fyrirtæki lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar og/eða sorpeyðingar, skal leggja sorpeyðingargjald og/eða sorphreinsunargjald, samkvæmt eftirfarandi:

### Sorpeyðingargjald

### Sorphreinsunargjald

1. flokkur	kr. 5.000	kr. 20.000
2. flokkur	kr. 10.000	kr. 40.000
3. flokkur	kr. 20.000	kr. 80.000
4. flokkur	kr. 40.000	kr. 160.000
5. flokkur	kr. 80.000	kr. 320.000
6. flokkur	kr. 120.000	kr. 480.000

Hreppsnefnd raðar aðilum í gjaldflokka eftir áætluðu magni úrgangs.

Heimilt er að fella sorphreinsunargjald niður hafi aðilar samning um sorphreinsun við flutningsaðila sem Ölfushreppur samþykkir, enda hafi viðkomandi flutningsaðili útbúnað er hæfir verkinu.

## 3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Ölfushrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gilda fyrir árið 1995.

*Umhverfissráðuneytið, 13. febrúar 1995.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*